

Nr. 842

20. september 2013

## AUGLÝSING um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2014.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið, að tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2014 skuli fjöldi vetrarfóðraðs sauðfjár vera að lágmarki 0,65 á hvert ærgildi greiðslumarks á lögbýli. Ákvörðun þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2014. Til að meta hvort skilyrði um lágmarksfjölda vetrarfóðraðs sauðfjár séu uppfyllt skal hafa mið af haustskýrslum sem sauðfjáreigendur senda Matvælastofnun skv. 11. og 13. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl og þeim upplýsingum sem stofnunin aflar með eftirliti skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Auglysing þessi er sett með heimild í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. september 2013.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. september 2013